
Föng úr fortíð og nútíð


„Eitt sinn um vor – það var víst vorið sem Bretinn hernam landið – höfðu mér áskotnast vatnslitir og fór strax með þá og litla teiknibIokk út í hraun. Þar riðu bændur hjá á leið í smalamennsku. Í kyrrðinni heyrði ég, að þeir ræddu um að þessi sonur hans Sigurðar í Úthlíð væri víst eitthvað undarlegur; einn að teikna úti í hrauni ... Strákurinn væri víst ekkert fyrir fé. Þvílík framtíð.“



Gísli Sigurðsson Morgunblaðið/Árni Sæberg

Þessi litli drengur var Gísli Sigurðsson, sem í dag opnar sýningu á olíumyndum á Kjarvalsstöðum. Hann teiknaði fjöllin sundur og saman – kunni utanað hvert gil og hvernig gróðurtorfurnar teygðust uppeftir hlíðunum eins og fatnaður í henglum. Tilkomumestar þóttu honum Jarlhetturnar og Langjökull í baksýn. „Mér finnst það raunar ennþá,“ segir Gísli, „og ef ég á annað borð mála landslag, þá er það auðnin með Jarlhettunar eins og skörðóttan tanngarð að baki. Einhvern veginn finnst mér áhrifameira að hafa í huga þetta sérstaka svæði, þennan ákveðna berangur, fremur en að skálda það alveg. En alla nákvæma staðfræði læt ég lönd og leið, nær lagi væri að segja að ég máli tilfinninguna sem eftir stendur.

Ég hef málað eina endurminningu frá þessari grýttu slóð. Sá atburður



Quo vadis?

Rætt við Gísla Sigurðsson, sem opnar sýningu á olíumálverkum á Kjarvalsstöðum í dag

Fólk vill sinn söguþráð og engar refjar

– segir Pétur Gunnarsson um brotaform, ljóðrænu og þráð í nýrri skáldsögu sinni

HVERSDAGSHÖLLIN, í samnefndri skáldsögu Péturs Gunnarssonar, er hús sem stendur skammt frá Landakotskirkjunni, hús þar sem býr stór fjölskylda; afi, amma, foreldrar, og börn. Þar er sambýli þriggja kynslóða. Sögumaðurinn horfir aftur um þrjátíu ár, til þess tíma þegar hann var að alast upp; hugrenningar kvikna um einstakar persónur, um leikara, kvikmyndir og ljósmyndir, og um hverfið. Pétur er vinsæll höfundur, bækur hans hafa selst mjög vel margar hverjar, og því hefur hann upp á síðkastið verið umsetinn af fjölmiðlafólki og áhugasömum einstaklingum. Allir vilja heyra eitthvað um söguþráðinn, en Pétur veit ekki alveg hvað hann á að segja.

„Fólk vill fá útdrátt,“ segir Pétur, „ og það er hálfgert snuðerí að endursegja texta sem maður hefur verið að skrifa; þó auðvitað sé einhver söguþráður og andrúmsloft sem hægt er að kommentera á.“

Þá er best að hvíla þá endursögn í bili. Það eru liðin fimm ár frá síðustu skáldsögu þinni.

„Já, Sagan öll kom út 1985, og Hversdagshöllin var byrjuð að fæðast þegar hún var á endasprettinum. Þetta efni hefur síðan verið meira og minna á skrifborðinu hjá mér síðan, en ég hef þó stundum lagt það til hliðar og sinnt öðru; gaf út greinasafn 1987, Vasabók í fyrra, sem var allt annars eðlis. Þar voru hvorki sögur eða greinar, heldur athuganir og allskonar hugleiðingar. En Hversdagshöllin var alltaf í gerjun. Mér lætur ágætlega að vinna í törnum, það kemur alltaf að því að maður skrifar sig upp að vegg, og þá er ráð að fjarlægjast um tíma, leggja í salt, og koma ferskur til verksins seinna.“

Þetta er fyrsta bókin eftir að flokknum um Andra lauk, var kannski erfitt að komast frá þeim söguheimi og skapa nýjan?

„Ja, yrkisefnin koma að innan og leita á. Formlega séð eru Andrabækurnar sagðar í þriðju persónu, en samt klofnar Sagan öll, og þar skýtur einnig upp fyrstu persónu frásögn, sem að því leyti til kann að hafa verið fyrirboði að Hversdagshöllinni.“

Og formlega byggir þú enn mikið á stuttum köflum.

„Það er rétt að mínar bækur eru settar saman úr atriðum sem eru ekki mjög löng, og gefa ákveðið frelsi. Ég er hræddur við og mótfallinn ákveðinni klisju í skáldsöguforminu. Það er svo rosalega plægður akur, að það er hætt við að í hann séu komin djúp hjólför og jafnvel færibönd, þú segir fyrstu setninguna og hitt getur komið sjálfkrafa. Það eru ákveðnir kækir í skáldsögunni og í minni aðferð felst ákveðin viðleitni til að sneiða hjá þessum klisjum og kækjum með atriðaskiptunum. Þar get ég losað um mig og fundið nýja fleti.“

Við erum epísk þjóð

Þetta býður upp á ákveðið ljóðrænt frelsi.

„Já, og það er einmitt hlutur sem ég leyfði mér algjörlega í vasabókinni; þar eru atriðin bara nokkrar setningar. Þá þók hafði ég afspyrnu gaman af að vinna, gat leikið mér með brotin og þurfti ekki að hafa söguþráð. En annars vill lesandinn söguþráð. Við erum epísk þjóð, frásagnarhefðin er mjög sterk, fólk vill sinn söguþráð og engar refjar.“

Má þá taka það sem svo að þú hafir ekki gaman af að spinna söguþráð, brotin veiti meiri gleði?

„Það má örugglega til sanns vegar færa. Að vísu er full sterkt að segja að ég hafi ekki gaman af söguþræði, en ég vil alls ekki að hann taki af mér völdin. Ég vil geta hægt á frásögninni, leikið mér að orðunum, og sukkað í málinu.“

En þá komum við að því að þú segir ákveðna sögu í bókinni.

„Já, vissulega er ákveðin saga og ákveðin framvinda. Hún snýst mikið um þetta hús og þrjár kynslóðir sem búa í húsinu. Þessu persónugallerí tengjast ýmsir þræðir sem liggja frá húsinu og að. Sögumaðurinn hefur alist upp í því, og er að horfa til baka þrjátíu árum seinna.“

Þú talaðir um epíkina og frásagnarþörfina, en Íslendingar eru líka sólgnir í ævisögur. Er þetta sjálfsævisaga að einhverju leyti?

„Nei. Þó ólst ég upp í svona fjölskylduhúsi, og það er víst ekki svo algengt. Ég hef reynslu af svona húsi sem verður kjalfesta og þungamiðja í lífinu, en ég er alveg frjáls af þeirri reynslu í sögunni, ég þý til persónur í þessa hversdagshöll; en set hana þó niður í hverfið sem ég ólst upp í. Sagan gerist í nágrenni við Landakotskirkju, þetta er einskonar veru-leiku: Ákveðið gefið ástand er tekið, Ísland og allt sem því fylgir, en síðan er skáldað inn í; leikið með tilbúna atburðarás. Þetta er veruháttur allflestra skáldsagna. Gengið er út frá ákveðnum ramma og afgangurinn er skáldskapur.“

Vitund barnsins stendur nærri skáldskapnum

Það fer ekki hjá því að tónninn virki á köflum sem nostalgískur, enda er það árátta hjá mönnum að setja bernskuna í goðsagnalegt samhengi.

„Ég held það megi tala um nostalgíu í bókinni að því leyti að lífið er glatað á vissan hátt. Það er þó hægt að endurheimta það í minningunni, en því fylgir viss söknuður. Orðið nostalgía er ekki svo vitlaust í þessu samhengi, það þýðir víst orðrétt að langa aftur á tiltekinn stað, og það er einmitt lóðið með sögumanninn, hann munar aftur í bernskuna í húsinu.

Barnið, og skynjun þess, er uppáhaldsyrkisefni hjá mér. Heimsmyndir barna og hvernig heimsmyndin verður til með þeim. Ég hef gaman af að skoða huglægar hugmyndir okkar af veruleikanum; hvernig þær verða til, þróast, og nýjar taka við.“

Mikið hefur verið talað um þessar bernskusögur ungra rithöfunda, og þær hafa jafnvel með neikvæðum formerkjum verið kallaðar stráka-sögur. En það hlýtur að vera spennandi að nota ómótaða vitund barns til að sýna heiminn?

„Vitund barnsins stendur mjög nærri skáldskapnum. Hún er frumlæg, og að því leytinu til fersk. Allir hafa verið börn og kynnst börnum, og þegar við berum þær stöðnuðu heimsmyndir sem við endum í, saman við lifandi sýn og frjóar heimsmyndir bernskunnar, er það síðarnefnda vitanlega þakklátara yrkisefni. Barnið upplifir kannski eina heimsmynd á dag á vissu þroskaferli, en okkar eru gatslitnar, útþvældar og margnota.“

Kvikmyndir koma mikið við sögu.

„Það helgast af því að sögumaðurinn er bíófrík, eins og allir af þeirri kynslóð, hann elst að hluta upp í kvikmyndahúsum. Og þegar hann leggur mat á fólkið umhverfis, þá hefur hann hliðsjón af kvikmyndaleikurum og persónum kvikmyndanna. Síðan er þarna ein persóna í bókinni, Frímann, sem er áhugakvikmyndatökumaður, hann tekur kvikmyndir á 8mm vél og sýnir í afmæl-